

Reykjavík 12. október 2015

Velferðarráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
101 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að þingsályktunartillögu um fjölskyldustefnu til ársins 2020

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkomnum drögum að þingsályktunartillögu um fjölskyldustefnu til ársins 2020. Barnaheill eru sannfærð um að það verði mikið framfaraskref fyrir samfélagið, börn ekki síst, ef tekst að ná samstöðu á Alþingi um að hrinda henni í framkvæmd.

Barnaheill leggja mikla áherslu á að samfélagið hlúi vel að uppeldi barna og búi svo um að börn megi lifa og þroskast við bestu mögulegu aðstæður eins og þau eiga rétt á samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Stór hluti þess er að búa vel um fjölskyldur, börn og foreldra svo koma megi til móts við þarfir barna og að foreldrum verði kleift að sinna uppeldishlutverki sínu sem best.

Það hefur mikið forvarnargildi að búa svo um að börn megi lifa við bestu mögulegu skilyrði og mun án vafa skila sér í miklum sparnaði til framtíðar.

Barnaheill hvetja ráðafólk til að fylgja fjölskyldustefnunni eftir með tímasettri framkvæmdaáætlun, verði þingsályktunartillagan samþykkt, og að öllum þáttum hennar verði útdeilt til ábyrgðar og framkvæmdar tiltekinna aðila.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri